

Nokkur atriði sem hægt er að velta fyrir sér fyrir heimsókn á sýninguna.

(Ath. Ekki er nauðsynlegt að taka fyrir öll atriðin eða finna endanleg svör svör spurningunum. Svörin finnast kannski á sýningunni.)

1) Hlunnindi

Hvað merkir orðið hlunnindi?

Hvaða hlunnindi heldur þú að landnámsmenn í Reykjavík hafi getað nýtt sér.

Þá voru hér t.d. rostungar. Hvað var merkilegt við þá?



Rostungstönn

2) Hús landnámsmanna

Úr hverju voru húsin byggð?

Hvaða efni var til og hvað var ekki til sem notað er nú?

Hvernig fengu menn ljós og hita í húsin?

Hvernig var maturinn eldaður?

Hvaðan kom vatnið?

Hvað voru mörg herbergi í húsunum?

Hvað skyldu húsin hafa verið stór?




Grunnmynd af skálanum í Aðalstræti

3) Matur og fatnaður

Hvað borðaði fólk?

Hvaðan fékk það matinn?

Hvernig voru fötin? Úr hverju voru þau búin til?



Vefstaður

4) Daglegt störf

Hvað gerðu karlmennirnir?

Hvað gerðu konurnar?

Hvað þurfti að gera á sumrin og hvað var frekar gert á veturna?



Kvarnarsteinn

5) Líf barna á landnámsöld

Hvað þurftu börn að læra?

Hvaða störf unnu þau?

Hvernig léku þau sér?



Hvað skyldi þetta vera?

6) Fornleifafræðin

Hvernig geta fornleifafræðingar vitað hvað fornleifarnar eru gamlar?

Hvaða efni varðveitast vel í jörðinni og hver eyðileggjast fljótt?

Af hverju finnast t.d. engin vopn í húsinu?

Af hverju var húsið niðri í jörðinni?

